

# STRIGASKÓR

Verkefni sem fær nemendur til að íhuga umhverfisáhrif af strigaskóm. Hvaðan koma þeir? Úr hverju eru þeir? Hvaða áhrif hafa þeir á umhverfið?

Markmið:

Að þátttakendur geri sér grein fyrir úr hverju strigaskór eru og hver umhverfisáhrif þeirra eru.

Tími: 1 kennslustund

Aldur: 12 – 18 ára

## Framkvæmd:

Framleiðsla á strigaskóm hefur mikil áhrif á umhverfið og er talið að strigaskóa iðnaðurinn sé ábyrgur fyrir 1,4 % losun á gróðurhúsalofttegundum. Sem þykir ansi hátt en til samanburðar er flugiðnaðurinn ábyrgur fyrir 2,5% af losun gróðurhúsalofttegunda. Skórnir eru mestmegnis búnir til úr plasti með tilheyrandi umhverfisáhrifum og erfitt reynist að endurvinnna þá. Geta strigaskór orðið umhverfisvænni?

Sjá myndband: <https://www.youtube.com/watch?v=TIgeM2JFIWo>

## Veljið á milli a og b

a. Gerið skoðanakönnun í bekknum/árganginum/stiginu um hversu marga strigaskó hver nemandi á. Veltið fyrir ykkur framleiðsluferlinu á einum strigaskó, úr hverju er hann? Hvaðan kemur hráefnið sem þarf í einn strigaskó

b. Mörg skómerki keppast nú um að finna leiðir til þess að verða sjálfbærari. Leitaðu á netinu eftir skóm sem eru búnir til á umhverfisvænni hátt en hinn klassíski strigaskór. Gerðu stutta lýsingu á skónum og framleiðsluferli hans. Auka verkefni – nemendur hanna umhverfisvæna strigaskó. Teikningar, lýsingar, líkön, grafík. Endalausir möguleikar á útkomu.